

**Miðvikudaginn 8. júní 1994 kl. 09:00**

**31. fundur samkeppnisráðs**

**Ákvörðun nr. 20/1994**

**Auglýsingar Íslensk Ameríska verslunarfélagsins h.f. á Ariel Ultra þvottaefni.**

Efnaverksmiðjan Sjöfn hf kvartaði með bréfi dags. 20. apríl yfir fullyrðingu í auglýsingu frá Íslensk Ameríska hf á Ariel Ultra þvottaefni um að þvottaefnið leysti upp fitu við 40 gráðu hita. Var fyrirtækinu gefinn kostur á að sanna staðhæfingu sína. Auglýsinganefnd hefur skoðað þau gögn sem lögð hafa verið fram í málinu og telur að fullyrðingar um að Ariel Ultra þvottaefni leysi upp fitu við 40 gráðu hita standist ekki. Þau gögn sem lögð hafa verið fram í málinu af hálfu Íslensk Ameríska hf eru ekki komin frá hlutlausum aðila og þau sýna ekki fram á réttmæti fullyrðingarinnar. Efnaverksmiðjan Sjöfn hefur lagt fram rannsókn úr danska neytendablaðinu Råd og Resultater nr. 4/93 en þar kemur fram að fitublettir hverfa ekki nema að hálfu leyti með Ariel Ultra þvottaefni við 60 gráðu hita.

**Ákvörðunarorð:**

**Með vísan til 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og með heimild í 51. gr. samkeppnislaga bannar Samkeppnisráð Íslensk Ameríska verslunarfélaginu hf. Tunguhálsi 11 Reykjavík að fullyrða að þvottaefnið Ariel Ultra leysi upp fitu við 40 gráðu hita.**

**Bannið tekur gildi um leið og það hefur verið tilkynnt fyrirtækinu.**